

Hafi greiðsla Tryggingarsjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 13. gr. og hrökkvi eignir þrotabús sparissjóðs ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því skal úthlutun sú úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingarsjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr., deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki, sem þarf til að fullnægja öðrum kröfum þeirra vegna innlánsreikninga en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

15. gr.

Reikningsár Tryggingarsjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingarsjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingarsjóðs.

16. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

17. gr.

Framkvæmdstjóri Sambands sparissjóða hefur á hendi daglegan rekstur Tryggingarsjóðs.

18. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 87/1985.

19. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf jáyrði þeirra er fara með  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

20. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af stofnfundi Tryggingarsjóðs sparissjóða samkvæmt heimild í 56. gr. laga nr. 87/1985, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 4. febrúar 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Björn Líndal.*

## REGLUR

### um úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

Í fjárlögum fyrir árið 1986, á lið 02-233, eru veittar 50 milljónir króna til Rannsóknasjóðs. Fé þessu verður varið til að styrkja rannsóknir og tilraunir í þágu nýsköpunar í atvinnulífinu.

Að fengnum tillögum framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins eru hér með settar eftirfarandi reglur um úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði 1986:

1. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja.

Framkvæmdanefnd skipar matsnefnd þriggja manna til að veita umsögn um styrkumsóknir og raða þeim í forgangs röð. Í matsnefnd skulu eiga sæti þrír menn, valdir sem hér segir:

- Einn með viðtæka þekkingu á atvinnulífi og reynslu af stjórnunarstörfum á þeim vettvangi.
- Einn starfandi vísindamaður er njóti viðurkenningar fyrir rannsóknir á sviði grundvallarvísinda.
- Einn með viðskiptalega reynslu og þekkingu á markaðsmálum.

Matnefnd skal eftir þörfum kveðja sér til aðstoðar a. m. k. tvo sérfróða menn til að veita faglega umsögn um einstakar umsóknir.

2. Auglýst skal eftir umsóknum um styrki með hæfilegum umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið forgangssviða og matsforsendna, sbr. 5. tölulið. Ákvörðun um styrkveitingar skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests og birt opinberlega.
3. Um styrk geta sótt einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki. Umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Standi fleiri aðilar en einn sameiginlega að umsókn skal gerð grein fyrir skiptingu verkefna, kostnaðar og ábyrgðar.
4. Styrkir skulu aðallega veittir til rannsókna og tilraunastarfsemi sem líkleg er til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi á næstu árum, en heimilt er einnig að styrkja verkefni sem miða að langframauppbyggingu og færni á tilteknum sviðum. Styrkur er ætlaður til að greiða laun og útlagðan kostnað, svo og beinan stjórnunar-kostnað við verkefnið. Heimilt er og að styrkja tækjakaup til einstakra verkefna, enda séu tækin til sérstakra nota í verkefninu en ekki til almennra nota eða þjónustu í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Tækjum sem keypt eru fyrir styrkfé skal að verkefni loknu ráðstafað af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins. Hluta styrks má verja til útgáfu og kynningar á niðurstöðum verkefnis, enda sé gert ráð fyrir því í umsókn. Styrkur er ætlaður til að greiða laun og útlagðan kostnað, svo og beinan stjórnunar-kostnað við verkefnið. Heimilt er og að styrkja tækjakaup til einstakra verkefna, enda séu tækin til sérstakra nota í verkefninu en ekki til almennra nota eða þjónustu í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Tækjum sem keypt eru fyrir styrkfé skal að verkefni loknu ráðstafað af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins. Hluta styrks má verja til útgáfu og kynningar á niðurstöðum verkefnis, enda sé gert ráð fyrir því í umsókn.
5. Tillögur um styrkveitingar skulu við það miðaðar, að fé því sem til ráðstöfunar er verði varið til fárra verkefna á afmörkuðum sviðum, þar sem sóst er eftir umtalsverðum árangri, fremur en til smáverkefna á mörgum sviðum. Styrkfé á árinu 1986 skal einkum verja til verkefna á nýjum og álitlegum tæknisviðum. Sérstök áhersla skal lögð á
  - fiskeldi,
  - upplýsinga- og tölvutækni,
  - líf- og lífefnatækni,
  - nýting orku til nýrrar eða bættrar framleiðslu,
  - undirstöðugreinar matvælatækni,
  - framleiðni- og gæðaaukandi tækni.

Mat á verkefnum sem sótt er um styrk til skal byggt á

- líklegri gagnsemi verkefnis,
- gildi fyrir eflingu tækniþekkingar eða þróun atvinnugreina.
- möguleikum á hagnýtingu á niðurstöðum hér á landi,
- hæfni rannsóknamanna/umsækjenda,
- líkindum á árangri.

Forgangs skulu að öðru jöfnu njóta verkefni sem svo háttar um, að

- samvinna stofnana eða fyrirtækja og stofnana er mikilvægur þáttur í framkvæmd verkefnisins,
- fyrirtæki leggja umtalsverða fjármuni af mörkum,
- líkindi eru á skjótum og umtalsverðum árangri til hagnýtingar í atvinnulífi, sbr. þó 1. málsgrein 4. töluliðar:

6. Gera skal sérstakan samning við hvern styrkþega þar sem kveðið sé á um styrkskilmála. Í samningnum skal m. a. mælt fyrir um skyldur styrkþega að því er varðar skýrsluskil, bókhald og fjárhagslega skilgrein. Þá skulu og vera ákvæði um birtingu á niðurstöðum eða endurgreiðslu styrks sem hér segir:

Niðurstöður af rannsókn- eða tilraunaverkefni, sem notið hefur styrks úr Rannsóknasjóði, skulu birtar opinberlega í tímaritum eða í skýrslum, sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Öllum greinum og skýrslum sem gerðar eru um verkefnið eða einstakar niðurstöður þess skal skila til Rannsóknaráðs ríkisins í 5 eintökum.

Þó skal styrkþega heimilt að óska þess við framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs að niðurstöðum verði haldið leyndum ef hann vill hagnýta sér þær til efnahagslegs ávinnings. Skylt er styrkþega að tilkynna nefndinni þá fyrirætlun sína innan þriggja mánaða frá lokum verkefnisins. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs er heimilt að framlengja þann frest sé þess sérstaklega óskað.

Sé þess óskað að niðurstöðum verði haldið leyndum vegna áforma um hagnýtingu þeirra, skal í samkomulagi um slíkt gert ráð fyrir endurgreiðslu á raunvirði hins veittu styrks, verðtryggðum með lánskjaravísitölu frá útborgunardögum styrkja til greiðsludags. Í slíkum tilfellum á styrkþegi allan rétt til niðurstaðna af rannsóknum sínum.

Leiði framkvæmd verkefnis ekki til hagnýtingar þegar við lok verkefnisins og til endurgreiðslu styrks, er styrkþega skylt, ef framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins óskar þess, að taka þátt í reglubundnu endurmati á gagnsemi niðurstaðna og hvort af hagnýtingu geti orðið. Rannsóknaráð ber allan kostnað af slíku endurmati. Niðurstaða endurmats getur ekki leitt til kröfu um endurgreiðslu.

*Menntamálaráðuneytið, 28. janúar 1986.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*

3. febrúar 1986

Nr. 63

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Húsavíkur

Raforkuverð — Yfirlit

#### A — ALMENNIR TAXTAR

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald .....	5,87 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa .....	1 540,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald .....	4,78 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa .....	1 540,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald .....	8,61 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa .....	1 940,00 kr/ár

B 14